

**Ed.**

**505. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um atkvæðagreiðslu við Alþingiskosningar þeirra manna, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þegar kosning fer fram.

Nefndin hefir athugað frv. þetta eftir föngum, og leggur til að háttv. deild samþykki það með eftirfylgjandi

**BREYTINGUM:**

1. Við 3. gr. Á eftir orðinu: »þingmannsefnis« í fyrstu málsgrein, komi orðin: eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja.
2. Við 4. gr. a. Á eftir orðinu: »þingmannsefnis« í fyrstu málsgrein, komi orðin: eða þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa,  
b. Orðin: »er fæst við skipaaufgreiðslu« í þriðju málsgrein, falli burt.  
c. Á eftir orðinu: »sýslumanns«, í fjórðu málsgre., komi orðin: umboðsmanns hans

Alþingi 12. ágúst 1914.

Karl Einarsson,  
formaður.

Karl Finnbogason,  
skrifari og framsögum.

Magnús Pjetursson.